



# REGLUR LANDSBANKANS UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Regla nr. 201001-0998-3 | Samþykkt júní 2010 | Endurskoðun júní 2011 | Regluvörður

## 1. INNGANGUR

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með áorðnum breytingum, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins nr. 2005/60/EB, auk hinna 40 leiðbeinandi tilmæla Financial Action Task Force (FATF) sem og hinna sérstöku leiðbeinandi tilmæla FATF. Þá eru reglurnar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 2/2008 frá 29. september 2008.

## 2. ALMENNT

### 2.1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Markmið reglna þessara er að leitast við að hindra að rekstur og starfsemi NBI hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“) eða dótturfélaga hans verði notaður til að þvætta fjármuni eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Með setningu reglna þessara vill Landsbankinn leitast við að uppfylla í hvívetna ýrustru kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja á innlendum og alþjóðlegum vettvangi um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Reglur þessar gilda fyrir Landsbankann, útibú hans og dótturfélög. Geri lög þess ríkis þar sem Landsbankinn er með starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins vægari kröfur en reglur þessar skal

miða við að ákvæði reglna þessara gildi. Hið gagnstæða gildir geri lög þess ríkis þar sem fyrirtækið er með starfsemi strangari kröfur.

## 2.2. ÁHÆTTUMAT

Þessum reglum ber að beita á grundvelli áhættumats þar sem umfang upplýsingaöflunar og annarra ráðstafana samkvæmt lögum þessum gagnvart hverjum viðskiptavini byggist á mati á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Landsbankinn hefur sett sér áhættumatsreglur á grundvelli 7. gr. laga nr. 64/2006 þar sem fjármálafyrirtækjum er heimilt að ákveða umfang könnunar á áreiðanleika upplýsinga viðskiptavina út frá mati á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Reglur þessar, um mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eru viðauki við reglur Landsbankans um öflun gagna um viðskiptavini (KYC) og reglur bankans um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## 3. SKILGREININGAR

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

**Peningaþvætti:**

Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Einnig telst það peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutning ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

**Fjármögnun hryðjuverka:**

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

**Ávinningur:**

Hvers kyns hagnaður og eignir, hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skjöl sem ætlað er að tryggja rétthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár.

**Raunverulegur eigandi:**

Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim einstaklingi og/eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:

- a) Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila. Ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
- b) Einstaklingur, einn eða fleiri, sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum fjárvörslusjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags, eða hafa yfirráð yfir 25% eða meira af eignum hans. Í tilvikum þar sem ekki hefur enn verið ákveðið hverjir munu njóta góðs af slíkum fjárvörslusjóði telst raunverulegur eigandi vera sá eða þeir sem sjóðurinn er stofnaður fyrir eða starfar fyrir.

Í öðrum tilvikum en þeim sem að framan eru nefnd verður að meta hverju sinni hvenær aðili telst stjórna lögaðila eða öðrum einstaklingi þannig að hann teljist vera raunverulegur eigandi.

Skelbanki:

Lánastofnun, eða stofnun með starfsemi á sambærilegu sviði, sem skráð er í lögsögu ríkis þar sem stofnunin hefur enga raunaðstöðu, lýtur engri raunverulegri stjórn eða eftirliti og er ótengd eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu.

Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnáátengsla:

Einstaklingar sem falin hafa verið mikilvæg opinber störf, nánustu fjölskyldumeðlimir þeirra og aðilar sem vitað er að séu nánir samstarfsmenn þeirra. Með mikilvægum opinberum störfum er í þessu sambandi átt við æðstu stjórnendur í stjórnáslu og herjum, dómara og saksóknara, áhrifamikla stjórnálamenn og háttsetta yfirmenn í ríkisfyrirtækjum. Til nánustu fjölskyldu einstaklings í áhættuhópi teljast m.a. maki, sambúðarmaki, börn, tengdabörn og foreldrar. Með nánnum samstarfsmönnum er átt við einstaklinga sem samkvæmt opinberum gögnum hafa t.d. verið meðeigendur einstaklings í áhættuhópi í hvers konar félagi eða lögaðila.

#### 4. UM NAFNLAUSA REIKNINGA

Landsbankanum er óheimilt að stofna eða halda nafnlaus verðbréfasöfn eða aðra reikninga í þágu viðskiptavina sem ekki hefur verið staðreynt deili á eins og kveðið er á um í reglum Landsbankans um öflun gagna um viðskiptavini (KYC). Séu slíkir reikningar þegar haldnir, skal bankinn leita allra leiða til að setja sig í samband við eigendur þeirra, séu þeir þekktir, og krefjast þess að þeir skrái sig fyrir þeim. Verði eigendur slíkra reikninga ekki við slíkum tilmælum skal viðskiptum við þá hætt og afstaða tekin til þess hvort tilkynna beri ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningþvætti um háttsemi þeirra sbr. grein 7.2.

#### 5. VIÐSKIPTI LANDSBANKANS FYRIR HÖND VIÐSKIPTAVINAR

Landsbankanum er heimilt að halda reikninga í eigin nafni fyrir viðskiptavini sína, hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að staðreyna deili á viðkomandi viðskiptavini eins og kveðið er á um í reglum Landsbankans um öflun gagna um viðskiptavini (KYC). Reynist ekki unnt að staðfesta eignarhald á slíkum reikningum með framangreindum hætti, skulu viðhafðar auknar varúðarráðstafanir vegna þess. Grein 4 í reglum þessum skal á engan hátt takmarka rétt bankans til að gera framvirka samninga við þekkta viðskiptavini eða safna hlutabréfum fyrir þekkta viðskiptavini á safnreikning í nafni bankans, eða annars sem er eðlilegur hluti af starfsemi hans.

#### 6. UM VIÐSKIPTI VIÐ SKELBANKA

Landsbankanum er óheimilt að stofna til eða halda áfram viðskiptatengslum við skelbanka, eða hvert það fjármálafyrirtæki sem þekkt er af því að leyfa skelbanka að nota reikninga sína í því skyni að eiga eða geta átt viðskipti.

#### 7. UM TILKYNNINGARSKYLDU Á GRUNSAMLEGRI HÁTTSEMI VIÐSKIPTAVINA OG RÁÐSTAFANIR HENNI TENGÐAR

## 7.1. STÖÐVUN VIÐSKIPTA

Grunni starfsmann Landsbankans, eða hafi hann réttmæta ástæðu til að ætla að fjármunir þeir sem ætlun viðskiptavinar stendur til að fari um hendur bankans séu ágóði af ólögmætri háttsemi eða tengist fjármögnun hryðjuverkastarfsemi skal tryggt að:

- a) Hin umbeðnu viðskipti séu ekki framkvæmd, nema í þeim tilfellum þar sem viðskiptin eru þess eðlis að þau þoli enga bið, bankanum er skylt að framkvæma viðskiptin eða ef stöðvun viðskipta kann að hindra eða torvela rannsókn yfirvalda. Í slíku tilviki skal þess hins vegar vandlega gætt að öllum upplýsingum um viðskiptin sé haldið til haga og þau tafarlaust tilkynnt til yfirvalda í samræmi við ákvæði þessa kafla.
- b) Viðskiptavini sé ekki neitað um framkvæmd viðskiptanna eða hann á annan hátt varaður við, sbr. grein 8.

## 7.2. UM TILKYNNINGU TIL ÁBYRGÐARMANNS AÐGERÐA GEGN PENINGAÞVÆTTI

Öll grunsamleg og óvenjuleg viðskipti sbr. grein 10 í reglum Landsbankans um öflun upplýsinga um viðskiptavini (KYC), tilraunir til slíkra viðskipta eða grunsamleg háttsemi viðskiptavina, skulu tafarlaust tilkynnt ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningaþvætti hjá Landsbankanum. Sem dæmi um grunsamlega háttsemi viðskiptavina má nefna:

- a) Þegar viðskiptavinur gefur ekki upplýsingar um tilgang fyrirhugaðra viðskipta.
- b) Þegar viðskiptavinur gefur ótrúverðugar upplýsingar.
- c) Ef um háar fjárhæðir er að ræða þar sem greitt er með reiðufé.
- d) Ef ætla má að viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila og viðskiptavinur neitar að veita upplýsingar um þriðja aðila.
- e) Viðskipti sem ekki virðast hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.
- f) Viðskipti eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af viðskiptum viðskiptavinarins.

Tilkynning til ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti skal að lágmarki:

- a) Vera skrifleg.
- b) Innihalda upplýsingar um nafn viðskiptavinar og kennitölu.
- c) Innihalda lýsingu á hinni grunsamlegu háttsemi og ástæður fyrir grunsemdum.
- d) Innihalda nauðsynleg gögn er tengjast viðskiptunum.

## 7.3. ATHUGUN ÁBYRGÐARMANNS AÐGERÐA GEGN PENINGAÞVÆTTI Á GRUNSAMLEGUM OG ÓVENJULEGUM VIÐSKIPTUM

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti skal þegar í stað, eftir að honum berst ábending, leggja mat á það hvort ástæða sé til að tilkynna ríkislögreglustjóra eða öðru lögbæru stjórnvaldi um hin

grunsamlegu viðskipti eða viðskiptatilraun. Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti ber ábyrgð á því að allar kringumstæður slíkra viðskipta séu gaumgæfilega kannaðar og að niðurstöðum þeirrar könnunar sé komið til yfirvalda samhliða tilkynningu um viðskiptin. Sé hins vegar ekki talin ástæða til slíkrar tilkynningar skulu niðurstöður athugunar ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti varðveittar.

Athugun ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti á grunsamlegum eða óvenjulegum viðskiptum skal felast í eftirfarandi aðgerðum:

- a) Afla skal nauðsynlegra gagna og upplýsinga um viðskiptavin eða fyrirhuguð viðskipti.
- b) Kannaður skal áreiðanleiki fyrirbyggjandi gagna.
- c) Leggja skal sjálfstætt mat á fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar.
- d) Skráðar skulu upplýsingar um tilkynningu til ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti og þær aðgerðir sem gripið var til í framhaldi af henni í gagnavistunarkerfi bankans.

Gögn sem ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti aflar í tengslum við sjálfstæða rannsókn sína á grunsamlegum viðskiptum skulu vera nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á eðli viðskiptanna og til að nota megi þau sem sönnunargögn í refsímáli.

#### 7.4. UM TILKYNNINGU TIL LÖGBÆRRA YFIRVALDA

Telji ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti, að lokinni gaumgæfilegri rannsókn á kringumstæðum viðskipta eða grunsamlegri háttsemi viðskiptavinar, að rökstuddur grunur leiki á eða réttmæt ástæða sé til að ætla að slík viðskipti tengist broti af þeim toga sem skilgreint er í 3. grein þessara reglna skal hann þegar í stað tilkynna ríkislögreglustjóra eða öðru lögbæru stjórnvaldi þar um.

Slík tilkynning skal að lágmarki:

- a) Vera skrifleg.
- b) Innihalda upplýsingar um viðskiptavin, þ.m.t. afrit af persónuskilríki viðskiptavinar.
- c) Innihalda greinagóða lýsingu á hinni grunsamlegu háttsemi viðskiptavinar.
- d) Innihalda afrit allra þeirra skjala og upplýsinga sem tengjast mati ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti á því hvort viðskipti tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.
- e) Tilgreina þann frest sem Landsbankinn hefur til að framkvæma viðskiptin.
- f) Innihalda önnur gögn sem nauðsynleg kunna að vera.

Tilkynning þessa efnis skal yfirleitt afhent áður en hin grunsamlegu viðskipti eru framkvæmd, en ella, í þeim tilfellum sem um ræðir í a-lið greinar 7.1 þessara reglna, þegar að viðskiptunum loknum.

Áréttað er að Landsbankanum ber að senda ríkislögreglustjóra eða öðru lögbæru stjórnvaldi tilkynningu skv. framangreindu þó ekki hafi komið til viðskipta og/eða engin færsla hafi átt sér stað, eða aðeins hafi verið um tilraun til viðskipta að ræða.

Að lokinni sendingu slíkrar tilkynningar skal ákvörðun um framkvæmd viðskipta viðskiptavinar tekin í samráði við ríkislögreglustjóra eða það lögbæra stjórnvald sem hefur meðferð tilkynningarinnar með höndum. Skal þess ávallt gætt að ríkislögreglustjóri eða það lögbæra stjórnvald sem tekur við tilkynningunni staðfesti móttöku hennar.

## 8. ÞAGNARSKYLDA

Stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu Landsbankans er skylt að sjá til þess að viðskiptavinur eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að ríkislögreglustjóra eða öðru lögbæru stjórnvaldi hafi verið sendar upplýsingar eða að rannsókn vegna gruns um peningabætti kunni að verða hrundið af stað.

Jafnframt er sömu aðilum óheimilt að láta viðskiptavin vita eða á annan hátt gefa honum til kynna að viðskipti hans sæti athugun í tilefni tilkynningar frá öðrum aðila, fái þeir vitneskju um slíka athugun.

## 9. UM SKYLDUR LANDSBANKANS GAGNVART STARFSMÖNNUM Í TENGLUM VIÐ SKYLDUR SKV. 7. GREIN ÞESSARA REGLNA Í HEILD

Landsbankinn skal sjá til þess að upplýsingum um það hvaða starfsmaður það var sem tilkynnti um grunsamleg viðskipti viðskiptavinar sé haldið leyndum og skal nafni hans haldið leyndu m.a. í tilkynningum til ríkislögreglustjóra eða annarra lögbærra aðila, nema brýn nauðsyn krefji.

Ef svo ber undir skal bankinn jafnframt gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn, sem að tilkynningu um viðskipti viðskiptavina koma, fyrir hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum viðskiptavina í kjölfar slíkrar tilkynningar.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skal sjá til þess að þessara reglna sé gætt.

## 10. UM EFTIRLIT MEÐ ÞVÍ AÐ STEFNU LANDSBANKANS Í PENINGAÞVÆTTISMÁLUM SÉ FYLGT

Landsbankinn skal gæta þess að efni reglna þessara samræmist á hverjum tíma þeim alþjóðlegu reglum og viðmiðum sem í gildi eru og bestar leiðbeiningar veita um aðgerðir til að verjast peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Landsbankinn skal á hverjum tíma gæta þess að verkferlar og vinnureglur á einstökum sviðum bankans endurspegli efni reglna þessara svo tryggt sé að þeim viðmiðum og meginreglum sem hér greinir sé framfylgt í hvívetna.

### 10.1. UM SKYLDUR TENGDAR TÆKNIÞRÓUN

Landsbankinn skal leitast við að:

- a) Greina á hverjum tíma hvaða áhrif ný tækni eða viðskiptaaðferðir geta haft á möguleika viðskiptavina til að stunda peningabætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

- b) Gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slík tækni eða viðskiptaaðferðir verði notuð í viðskiptum við Landsbankann eða dótturfyrirtæki hans í því skyni að þvætta fjármuni eða fjármagna hryðjuverkastarfsemi.
- c) Viðhafa sérstaka stefnu og verklag sem tekur á áhættuþáttum sem tengjast viðskiptum sem ekki fara fram augliti til auglitis.

Skal bankinn leitast við að tryggja að skyldum samkvæmt þessari grein sé fullnægt, eftir atvikum í samráði og samstarfi við lögbær yfirvöld í hverju því ríki þar sem bankinn eða dótturfyrirtæki hans hafa starfsemi.

## 10.2. UM ÁBYRGÐARMANN AÐGERÐA GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Yfirstjórn varna Landsbankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er í höndum bankaráðs, en framkvæmd stefnu stjórnar sem og eftirlit með því að henni og ákvæðum laga er málaflokkinn varða sé framfylgt er í höndum sérstaks ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Skal ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti eiga beinan aðgang að stjórn og stjórnendum bankans varðandi þau verkefni sem falla undir gildissvið reglna þessara. Þá skal ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptavina, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem skipt geta máli vegna tilkynningar til ríkislögreglustjóra.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti skal á hverjum tíma afla sér upplýsinga um og nota tilmæli og leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins og annarra stjórnvalda og alþjóðlegra stofnanna. Ábyrgðarmaður skal fylgjast með tilkynningum og leiðbeiningum sem Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld kunna að gefa út ef þörf er talin á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Ábyrgðarmaður skal jafnframt gera viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda þekkingu sinni.

Í árlegri skýrslu ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti til bankaráðs Landsbankans skal gerð grein fyrir því hvernig skriflegar innri reglur og innra eftirlit bankans samræmist leiðbeiningum, tilmælum og upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu og öðrum stjórnvöldum og tilmælum FATF. Þá skal fjallað um það hvernig brugðist hafi verið við tilkynningum og upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu og öðrum stjórnvöldum. Í skýrslunni skal gefa upp upplýsingar um fjölda tilkynninga til ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti og hve margar voru sendar til lögreglu. Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um það hvernig þjálfun og fræðslu starfsmanna hefur verið hagað. Að lokum skal þess getið í skýrslu ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti hvað betur megi fara í starfsaðferðum bankans og skal skýrslan innihalda ábendingar um úrbætur.

## 11. ÞJÁLFUN STARFSMANNA

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti skal tryggja að öllum starfsmönnum Landsbankans séu kynntar reglur þessar og þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt reglunum og sjá til þess að þeim standi til boða viðhlítandi þjálfun í þeim aðgerðum til varnar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem bankinn viðhefur á hverjum tíma. Jafnframt skal tryggt að slíkri þekkingu og þjálfun sé við haldið og skal hún miðast við þá tækni og aðferðir sem vitað er að notaðar eru við peningaþvætti á hverjum tíma.

Í sérstakri skýrslu ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti skal metin þörfin fyrir fræðslu í einstökum deildum bankans. Þar skal koma fram hver tíðni þjálfunar skal vera út frá því hvaða verkefnum deildin sinnir og hverjir viðskiptavinirnir eru.

Framkvæmdastjórar einstakra sviða bankans skulu sjá til þess að starfsmenn sæki þær kynningar og námskeið um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem boðið er upp á í framangreindu skyni eftir því sem við á.

#### 11.1. ÞJÁLFUN FYRIR STARFSMENN Í FRAMLÍNU SEM ERU Í BEINUM SAMSKIPTUM VIÐ VIÐSKIPTAVINI

Skipuleggja skal sérstaka þjálfun fyrir starfsmenn í framlínu að lágmarki einu sinni á ári. Á þeim kynningum skal farið yfir lög og reglur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, hvaða gagna skuli aflað við upphaf viðskipta, áframhaldandi eftirlit með viðskiptum viðskiptavina, hvert beri að tilkynna grun um peningaþvætti, hvernig skuli staðið að samskiptum við viðskiptavini í tilefni slíkrar tilkynningar og hvaða skyldur hvíla á starfsmönnum skv. reglum þessum og peningaþvættislöggjöf. Þessir starfsmenn skulu hljóta sérstaka þjálfun er auðveldar þeim að staðreyna hvaða viðskipti gætu tengst peningaþvætti.

#### 11.2. ÞJÁLFUN FYRIR AÐRA STARFSMENN

Aðrir starfsmenn Landsbankans skulu reglulega sitja námskeið þar sem rifjaðar eru upp reglur bankans í þessum efnun, sem og gildandi löggjöf um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

#### 11.3. ÞJÁLFUN FYRIR NÝJA STARFSMENN

Við upphaf starfs skal afhenda nýjum starfsmanni reglur bankans er lúta að aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Kappkostað skal að nýir starfsmenn sæki fyrstu kynningu um peningaþvætti sem haldin er eftir að þeir hefja störf.

### 12. UM EFTIRLIT MEÐ VIRKNI VARNA GEGN PENINGAÞVÆTTI

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti skal annast reglubundið eftirlit með virkni varna Landsbankans gegn peningaþvætti og varna bankans gegn fjármögnun hryðjuverka. Þeir verkferlar í bankanum sem tengjast vörnum bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ásamt úttektaráætlunum ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti og niðurstöðum þeirra, skulu teknir út af innri endurskoðun bankans með reglubundnum hætti. Jafnframt framkvæmir innri endurskoðun sjálfstæðar úttektir á þessu sviði.

### 13. UM ÖRYGGI VIÐ RÁÐNINGU STARFSMANNA

Landsbankinn skal við ráðningu starfsmanna tryggja að þeir standist fyllstu hæfiskröfur. Verklag við ráðningu starfsmanna skal m.a. gera ráð fyrir heimildum til að kanna náms- og starfsferil umsækjenda, fjárhagsstöðu þeirra, sakarferil og aðra þætti sem til álita koma við mat á því hvort þeir séu í aðstöðu sem eykur hættuna á því að þeir verði handbendi aðila sem leggja stund á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

#### 14. ÚRRÆÐI GEGN STARFSMÖNNUM SEM SINNA EKKI STARFSSKYLDUM SÍNUM

Brjóti starfsmaður gegn reglum bankans, er lúta að aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, án réttmætrar ástæðu skal regluvörður veita honum áminningu eða grípa til annarra viðurlaga í samræmi við eðli brotsins. Áminning skal veitt í samráði við starfsmannastjóra.

Greina skal frá broti starfsmannsins og eðli brotsins í mánaðarlegri skýrslu ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti til bankastjóra.